

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. mars 2000.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Kristín Haraldsdóttir.

AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Japan.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla frá Japan.

2. gr.

Ákvörðunin er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. mars 2000.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Kristín Haraldsdóttir.

AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Kenýa og Tansaníu.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn ferskar, frosnar og unnar sjávarafurðir frá Kenýa, sem veiddar hafa verið í Viktoríuvatni.

2. gr.

Í heilbrigðisvottorði sem fylgir sjávarafurðum sem koma frá Tansaníu og veiddar hafa verið í Viktoríuvatni, þarf að koma fram staðfesting opinbers skoðunarmanns um að framkvæmdar hafi verið efnarannsóknir vegna histamíns í samræmi við II. kafla, 2. undirkafla A, c, í viðauka V við reglugerð nr. 233, 30. mars 1999 og að niðurstöður þeirra rannsókna sýni að vörurnar standist settar kröfur.

3. gr.

Ákvörðunin er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávararafurða og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. mars 2000.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.*Kristín Haraldsdóttir.***REGLUGERÐ**

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 150/2000 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á bökuðum kartöflum og grænni papriku í 2. gr. reglugerðarinnar:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Úr tollnúmeri:</i>				
0701.9000 Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	29.03. – 30.06.00	ótilgr.	15	30
0709.6003 Paprika, græn	03.04. – 16.04.00	ótilgr.	30	0
0709.6003 Paprika, græn	17.04. – 23.04.00	ótilgr.	15	199

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. mars 2000.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.***REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 262, 18. maí 1994,
um bann við línuveiðum á norðanverðum Breiðafirði.**

1. gr.

Aftan við reglugerðina komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt, frá og með 30. mars til 15. maí 2000, að stunda línuveiðar vestan línu sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 65°30'00 N - 24°14'00 V
2. 65°22'00 N - 24°19'00 V
3. 65°12'00 N - 24°30'00 V